

aðiljanna á bug. Að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Réttarkröfur sóknaraðiljanna eru ekki teknar til greina.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. október 1967.

Nr. 84/1966. **Guðmundur Agnar Ásgeirsson og
Björn Davíðsson** (Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
**oddvitum Andakílshrepps og Lundarreykja-
dalshrepps f. h. hreppanna**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Omerking. Heimvisun. Landamerkjамál. Botns-, vatns-
og veiðiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1966 og haft uppi þessar dómkröfur: *Aðallega*, að héraðsdómurinn verði ómerktur, málinu vísað frá héraðsdómi og stefndu dæmdir til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi, en *til vara*, að þeim verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefndu í málinu og dæmdur málskostnaður bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 3. júlí 1965 afsalaði áfrýjandi Guðmundur Agnar Ásgeirsson Veiðifélaginu Bláskógum s/f jörðinni Þverfelli

„með öllum gögnum og gæðum, þar með töldum öllum veiðirétti óskoruðum í Reyðarvatni“, en í afsalinu er þess getið, að veila sé um veiðiréttinn og sé mál rekið um það fyrir héraðsdómi. Tólf nafngreindir menn, þar með talinn áfrýjandinn Guðmundur Agnar Ásgeirsson, eru taldir eigendur Veiðifélagsins Bláskóga s/f og undirrituðu afsalið. Afsal þetta var afhent til þinglestrar 6. ágúst 1965.

Umráðamönnum Veiðifélagsins Bláskóga s/f hefur eigi verið stefnt til að svara til sakar í héraði, enda kveðst umboðsmaður sækjenda í héraði, sem eru stefndu hér fyrir dómi, eigi hafa vitað um afsal þetta fyrr en að gengnum héraðsdómi. Hefur hann óskað þess með tilvísun til 54. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að málið verði dæmt á hendur áfrýjandanum Guðmundi Agnari Ásgeirssyni einum vegna jarðarinnar Þverfells.

II.

Áfrýjendur reisa kröfu sína um ómerkingu á því, að stefndu hafi í upphaflegri kröfugerð sinni, sem leitað var sátta um, eigi sundurgreint, hvað hvor þeirra ætti mikinn hluta af strandlengju Reyðarvatns, og eigi tiltekið, hvað réttur þeirra tæki langt út í vatnið. Hefði því eigi verið leitað réttilega sátta í málinu. Þá er ómerkingarkrafan á því reist, að um óheimilt aðiljasamlag sé að tefla og að fyrirsvarsmönnum Þingvalla hafi eigi verið veittur kostur á að gæta réttar þeirrar jarðar í málinu.

Samkvæmt 4. tl. kaupsamnings um Oddsstaðatungur frá 17. júní 1933 skulu lönd Andakilshrepps og Lundarreykjadalshrepps meðfram Reyðarvatni „notuð og leituð í sameiningu framvegis, eins og verið hefur hin síðari ár“. Eiga hrepparnir því þegar af þeirri ástæðu samaðild um þessi lönd.

Eftir að mál þetta kom fyrir Hæstarétt, hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið átt þess kost að kanna skjöl málsins. Hefur ráðuneytið í bréfi 14. október 1967 lýst því, að ekki verði talið, „... að umrætt mál varði landsréttindi Þingvallakirkju“.

Að öðru leyti verður rætt um ómerkingarkröfu áfrýjenda í IV. kafla hér á eftir.

III.

Í landamerkjaskrá Þverfells frá 10. september 1886, sem þinglesin var 2. júní 1887, segir svo í staðfestu endurriti, þar sem texti skrárinnar hefur verið færður til nútímastafsetningar: „Fyrst úr Kaldagili, þar sem fellur í Tunguá, í stein þann, sem stendur á Langamel, merktur með +, sem högginn er í steininn, síðan beina stefnu í lágan hellustein, sem er vestanverðu í svokölluðu Áreiðarskarði, merktan með sama +. Úr þessum steini ræður bein stefna eftir mýrar dragi upp á hálinn um og yfir vesturenda á syðri tjörninni og í stein þar norður á hryggnum, sem er með höggnum +, svo ræður bein stefna norður hálsinn og í Grímsá, þar sem Kaldá fellur í hana að norðanverðu, á þessari stefnu á að vera steinn merktur með +. Svo ræður Grímsá fram til Reyðarvatnsóss. Svo eru merkin með austurströnd Reyðarvatns suður að Reyðarlæk. Svo ræður hann merkjum til Grunnavatns. Svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn á Kvigindisfelli. Þaðan vestur í gil það, sem fellur syðst í krókinn, sem er vestan undir því og Tunguá kemur úr. Síðan ræður Tunguá merkjum ofan fjallið, þar til Kaldagil rennur í hana“.

Landamerkjaskrá þessa undirrituðu þeir Björn Sveinbjarnarson, þáverandi ábúandi Þverfells, Davíð Snæbjarnarson á Vörðufelli, en lönd Þverfells og Vörðufells liggja saman, þó eigi við Reyðarvatn, séra Jens Pálsson vegna Þingvallakirkju og Jón Guðmundsson á Reykjum, en lönd Þverfells og Reykja liggja saman, þó eigi við Reyðarvatn. Rétt hafar að landi norðan og austan megin Reyðarvatns undirrituðu ekki landamerkjaskrána. Samkvæmt landamerkjaskrá þessari telja eigendur Þverfells sig eiga botns-, vatns- og veiðirétt í öllu Reyðarvatni.

Stefndu hér fyrir dómi, sem lönd eiga að Reyðarvatni að norðan og austan, vefengja þennan rétt.

Ákvæði Jónsbókar, landsleigubálkur, 56. kapituli, „um

veiðivötn ok veitur ok veiðiár“, voru gildandi lög um þetta efni, þegar landamerkjaskrá Þverfells var gerð. Þar segir: „Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefur verit, nema með lögum sé frá komit“. Þá segir í 59. kapitula landsleigubálks Jónsbókar um almenn- inga: „Fiskivötn öll í almenningu eru öllum jafnheimil“. Um þessi efni gilda nú ákvæði 4. gr. laga nr. 15/1923 og 4. til 8. gr. laga nr. 53/1957.

Ábúandi Þverfells mátti eigi með einhliða gerð og þing- lestri landamerkjaskrárinnar frá 10. september 1886 auka rétt Þverfells til Reyðarvatns umfram það, sem áður hafði verið. Áfrýjendur hafa eigi fært fram gögn fyrir því, að eig- andi Þverfells hafi á þeim tíma, er landamerkjaskráin var gerð, átt frekari botns-, vatns- eða veiðirétt í Reyðarvatni en hin almennu ákvæði Jónsbókar sögðu til um.

Stefndu, málshöfðendur í héraði, gera kröfu til þess, að dæmdur verði gildur botns-, vatns- og veiðiréttur þeirra í Reyðarvatni frá Grímsármynni norður og austur um vatnið til þess staðar, þar sem Reyðarlækur fellur í það.

Stefndu skipta landi því, sem um er að tefla í málinu, í þrjá hluta:

1. Frá Grímsárósi að Fossármynni, sem þeir telja eign Andakílshrepps.
2. Frá Fossármynni að Drang eða Drangshlið.
3. Frá Drang eða Drangshlið að mynni Reyðarlækjar.

Hina tvo síðastgreindu hluta telja stefndu eign Lundar- reykjadalshrepps.

Verða nú heimildir stefndu til lendna þessara kannaðar.

Um 1. Svonefnd Gullberastaðatunga, er stefndu telja liggja milli Fossár og Lambár, var hluti jarðarinnar Gullbera- staða í Lundarreykjadalshreppi. Var hún seld Andakílshreppi árið 1898.

Í landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðatungu frá 17. júní 1923, sem undirrituð er af Sigurði Jónssyni f. h. Lundar- reykjadalshrepps, er landamerkjum við Reyðarvatn lýst þannig: „Að sunnan ræður Grímsá merkjum allt austur, þar til hún fellur úr Reyðarvatni. Þaðan ræður Reyðarvatn

þangað, sem Fossá rennur í það“. Í landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðastungu frá 2. júlí 1923, sem undirrituð er af Sigurði Jakobssyni f. h. Andakílshrepps og Áskatli Hjalmsyni f. h. Þverfells, er þessum sömu merkjum lýst þannig: „Úr því ræður Fossá að Reyðarvatni, Reyðarvatn ræður að Grímsá“. Deila reis milli Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps um austurlandamerki Gullberastaðastungu, en á það mál var sætt með samningi 17. júní 1933.

Um 2. Í lögfestu séra Þorsteins Helgasonar frá 18. maí 1837 um eignir og ítök Reykholtskirkju segir m. a.: „Þá lögfesti ég einnig land við Reidarvatn austan frá Drangshlíð og útundir Fossárflóa“. Í visitazíuskýrslu Péturs biskups Péturssonar 21. júlí 1869 segir, að Reykholtskirkja „á og hefur lengi haft í hefðarhaldi land við Reyðarvatn, austan frá Drangshlíð og út um Fossárflóa ...“. Þá segir í lögfestu séra Þórðar Þórðarsonar Jónassonar fyrir staðnum í Reykjaholti, dagsettri 29. maí 1876: „Þá lögfesti ég einnig land við Reyðarvatn austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa“. Að fengnu leyfi bærara yfirvalda seldi Guðmundur prófastur Helgason f. h. Reykholtskirkju hinn 9. september 1895 Lundarreykjadalshreppi afréttarlönd Reykholtskirkju á suðurfjalli, þar á meðal „land við Reyðarvatn“.

Um 3. Í lögfestu Markúsar prests Snæbjarnarsonar frá 16. maí 1740 um landamerki Þingvalla segir m. a.: „... Skjaldbreið hvöria eg lögfesti alla itra: Þaðann beint á Leirárhöfða og svo epter allt þar til vötnum hallar að Borgarfyrði. Þaðann beint epter til Steinkyrkiu eða Steinkistu (af sumum kallaðri)“.

Í lýsingu Stefáns Pálssonar frá Oddgeirshólum á landamerkjum Þingvalla frá 10. janúar 1832 segir m. a.: „... Þaðan í gegnum Súlur og í Hrosshædir úr þeim eftir Uxahrygg og í Leyrárhöfða úr hönum í skurði, sunnan til við Kaldadal, þaðan í Eyriks-Nýpu í Baldjökli“.

Þá segir meðal annars í sóknarlýsingu Þingvallasveitar, undirritaðri af séra Birni Pálssyni 5. febrúar 1840, um vötn í Þingvallasókn: „Stöðuvötn eru Lítil vík af Reyðarvatni, kölluð Selvík, Oxavatn kippkorn fyrir vestan Sæluhús“.

Í landamerkjaskrá Þingvalla, sem undirrituð er 1. september 1886 af séra Jens Pálssyni f. h. Þingvalla, Davíð Snæbjarnarsyni f. h. eiganda Vörðufells og Birni Sveinbjarnarsyni f. h. eiganda Þverfells, segir svo m. a.: „... í austur rætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallakirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu í Leirárhöfða og þar til vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þar sem þessi síðasta lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða, er hornmark.

Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þaðan í mjóu Súlu (eður háu Súlu) ...“.

Samkvæmt endurriti úr dóma- og þingbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu var hinn 29. maí 1890 á manntalsþingi fyrir Lundarreykjadalshrepp lesið skjal, dagsett 27. s. m., „þar sem hreppsnefndin í Lundarreykjadalshreppi lögfestir hreppnum land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands“.

IV.

Í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi, dags. 19. apríl 1963, krafðist umboðsmaður stefndu þess, „að merki landa umbjóðenda minna að svonefndu Reyðarvatni í Lundarreykjadalshreppi verði ákveðin frá svonefndum Reyðarlæk, austur og norður um að Grímsármynni og að veiðiréttur og annar vatnsréttur í Reyðarvatni fyrir nefndu landi verði talinn eign umbjóðenda minna“.

Dómari leitaði sátta um þessa kröfu 12. júlí 1963. Á dómþingi 15. nóvember 1965 áréttaði umboðsmaður stefndu kröfur sínar um efni máls þannig:

„Að merki landa umbjóðenda minna að svonefndu Reyðarvatni í Lundarreykjadalshreppi verði ákveðin, að því er varðar Lundarreykjadalshrepp, frá svonefndum Reyðarlæk norður um að Fossá og að því er varðar Andakílshrepp, frá

Fossá að Grímsármynni, eftir miðju vatnsins, og að veiðiréttur og annar vatnsréttur í Reyðarvatni fyrir nefndum löndum verði talin eign umjóðenda minna í samræmi við framangreind landamerki“. Eigi var leitað sátta um þessa framhaldskröfu.

Eigi verður séð, að málið hafi verið sótt og varið um viðtæki veiðiréttarins í Reyðarvatni fyrir héraðsdómi. Í dómi landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 2. apríl 1966, segir í forsendum: „Um veiðirétt og annan vatnsrétt í Reyðarvatni fer að landslögum, þannig að hver stefnenda á veiði- og vatnsrétt fyrir sínu landi“. Af hendi stefndu var krafizt staðfestingar þessa ákvæðis dómsins fyrir Hæstarétti.

Nefnd yfirlýsing héraðsdómara um, að úrslit sakarefnis þess, sem ráða skal til lykta, skuli fara að landslögum, geymir eigi slíka afmarkaða niðurstöðu um kröfur stefnenda í héraði og sakarefnið, að talið verði, að málið hafi hlotið þann dóm í héraði, sem lagður verði til grundvallar áframhaldandi efnismeðferð þess í Hæstarétti. Verður því eigi hjá því komizt að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferðina í héraði frá og með dómþingi 12. júlí 1963 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með dómþingi 12. júlí 1963 eru ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

2. apríl 1966.

Með bréfi, dags. 8. apríl 1963, tilkynnti Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. oddvita Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps, að ágreiningur væri milli nefndra

hreppa annars vegar og eiganda Þverfells í Lundarreykjadal hins vegar, stefnda Guðmundar Agnars Ásgeirssonar, um landamerki Þverfells og veiðirétt í Reyðarvatni. Er málið var tekið fyrir á dómþingi hinn 20. júlí 1964, var einnig ábúanda Þverfells, Birni Davíðssyni, stefnt sem hagsmunaaðilja inn í málið.

Kröfur sóknaraðilja, eins og þær voru settar fram í þinghaldi hinn 14. marz s.l., eru þær, að merki landa þeirra að svonefndu Reyðarvatni í Lundarreykjadalshreppi verði ákveðin, að því er varðar Lundarreykjadalshrepp, frá svonefndum Reyðarlæk norður um að Fossá og að því er varðar Andakílshrepp, frá Fossá að Grímsármynni eftir miðju vatnsins og að veiðiréttur og annar vatnsréttur í Reyðarvatni fyrir nefndum löndum verði talinn eign sóknaraðilja í samræmi við framangreind landamerki. Enn fremur krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati réttarins.

Varnaraðiljar krefjast sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða þeim málskostnað eftir reikningi eða að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Upp af Lundarreykjadal í Borgarfirði liggur svonefnt Reyðarvatn. Vatnsstaðið er aflangt að lögun og liggur að meginstefnu frá norðri til suðurs. Jörðin Þverfell í Lundarreykjadal á land að vestur- og suðurströnd vatnsins, en að norðan þess og austan liggja afréttarlönd Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Þverfell frá 10. sept. 1886 er Reyðarvatn allt innan landamerkja Þverfells, þ. e. þau eru frá Grímsárósi með austurströnd vatnsins suður að Reyðarlæk. Landamerkjabréf þetta undirritar Björn Sveinbjarnarson f. h. eiganda Þverfells, Davíð Snæbjarnarson á Vörðufelli, séra Jens Pálsson vegna Þingvallakirkju og Jón Guðmundsson á Reykjum.

Sóknaraðiljar vilja hnekkja þessu ákvæði í landamerkjabréfi Þverfells og telja, að þeir eigi hvor fyrir sínu landi full veiðiréttindi í Reyðarvatni og önnur vatnsréttindi. Byggja sóknaraðiljar þetta á eftirgreindum ástæðum:

I. Landamerkjabréfið var ekki undirritað af öllum þeim, sem lönd áttu að Reyðarvatni að norðan og austan frá Reyðarlæk að Grímsárósi, þar sem Grímsá fellur úr vatninu, en þessir aðiljar voru: Lundarreykjadalshreppur, Reykholtskirkja og eigandi Gullberastaða í Lundarreykjadal.

II. Lunddælingar hafa óslitið síðan fyrir aldamót stundað sil-

ungsveiði í Reyðarvatni án þess að leita leyfis Þverfellsbónda eða að nokkrum mótmælum hafi verið hreyft.

III. Lundarreykjadalshreppur hefur öðru hverju leigt veiði í Reyðarvatni frá árinu 1932 til 1958.

IV. Fram til ársins 1886 átti Þingvallakirkja land úr Skinnhúfuhöfða við Hvalvatn um Drang norðan við Reyðarvatn í Fanntófell vestan Kaldadals samkvæmt sóknarlýsingu séra Björns Pálssonar, prests á Þingvöllum. Samkvæmt undirskrift Jens Pálssonar, prests á Þingvöllum, á landamerkjabréfi fyrir Þverfell, dags. 10. sept. 1886, og landamerkjaskrá Þingvallakirkju, dags. 1. sept. sama ár, hafa landamerkin færzt allmikið til, og er það talið stafa af ágreiningi um greiðslu á refaveiðikostnaði, sem Lundarreykjadalshreppur greiddi og átti endurkröfu á Þingvallakirkju, en þáverandi prestur á Þingvöllum, Jens Pálsson, neitaði að greiða og vildi heldur láta landið af hendi til Lundarreykjadalshrepps, án þess að önnur greiðsla kæmi fyrir, sbr. dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 29. maí 1890.

Við breytingu þessa lagðist undir Þverfell landið sunnan Reyðarlækjar, en landið norðan lækjarins varð eign Lundarreykjadalshrepps og hefur verið svo síðan.

V. Samkvæmt Reykholtsmáldaga frá 12. öld og ýmsum fleiri gögnum átti Reykholtskirkja selland við Reyðarvatn og ástemmu í Reyðarvatnsósi (Grímsárósi), sem enn sér merki. Þessa landareign ásamt Þóreyjartungum seldi Reykholtskirkja Lundarreykjadalshreppi um áramótin 1895—1896. Sé það því óskiljanlegt, hvernig Þverfell hefur þá eignast veiðina fyrir sellandinu, tíu árum eftir að landamerkjabréf Þverfells var samið.

VI. Gullberastaðatunga, sem liggur milli Fossár og Lambár, tilheyrði Gullberastöðum í Lundarreykjadalshreppi til ársins 1898, en var þá seld Andakílshreppi og er síðan notuð sem af-réttarland. Á tímabili eftir miðja 19. öld var byggð í svokölluðu Illugakoti, sem liggur í tungunni milli Leirár og Fossár, og var silungsveiði í Reyðarvatni eitt aðalframfæri fjölskyldnanna þar.

VII. Í landamerkjaskráum fyrir Gullberastaðatungu, sem liggur í Lundarreykjadalshreppi og er upprekstrarland Andakílshrepps, dags. 17. júní og 2. júlí 1923, segir: „... úr því ræður Fossá að Reyðarvatni. Reyðarvatn ræður að Grímsá...“. Undir merkjalýsingu frá 2. júlí 1923 hafa umboðsmenn stefnenda skrifað til samþykkis og auk þess vegna Oddsstaða Sigurður Bjarnason og vegna Þverfells Áskell Hjálmsson. Er þessi merkjalýsing því sam-

þykkt af varnaraðilja, 39 árum eftir að merkjalýsingin frá 1886 var undirrituð.

VIII. Samkvæmt ísl. lögum fyrr og síðar er talið, að vatnsréttur heyri því landi til, er að vatni liggur, sé eigi öðru vísi ákveðið. Það er því sjónarmið stefnenda, að landamerkjaskrá Þverfells frá 10. sept. 1886 sé röng að þessu leyti, og er það krafa þeirra, að henni verði breytt með dómi og rétturinn til vatnsins dæmdur þeim.

Stefndu, sem hafa uppi allar hinar sömu varnarástæður og kröfur, mótmæla sjónarmiðum stefnenda um réttindi þeirra til Reyðarvatns, og hafa þeir uppi í málinu þessi rök helzt:

1. Sóknaraðiljar viðurkenni sjálfir, að Lundarreykjadalshreppur hafi ekki verið orðinn aðili að landamerkjum gagnvart Þverfelli, þegar bréfið var gert 10. sept. 1886, enda hafi því verið afsalað til hreppsins 29. maí 1890 og hafi það gert Jens Pálsson, þáverandi prestur á Þingvöllum. Þannig hafi Þingvallakirkja, sem þeir leiða rétt sinn frá, samþykkt merkin og stefnandi Lundarreykjadalshreppur hafi síðan tekið við afsali að landinu án þess að hreyfa nokkrum athugasemdum, að því er séð verður.

Þá benda varnaraðiljar á, að ekki liggi annað fyrir en séra Jens Pálsson hafi haft fullt samþykki kirkjufirvalda til að undirrita landamerkjabréfið frá 10. sept. 1886.

Að því er varðar aðild Andakílshrepps, hafa sóknaraðiljar sjálfir upplýst, að Gullberastaðatunga hafi tilheyrt Gullberastöðum í Lundarreykjadalshreppi til ársins 1898, en hafi þá verið seld Andakílshreppi og síðan notuð sem afréttarland. Beri hér því að sama brunni. Andakílshreppur sé ekki orðinn aðili að landamerkjum gagnvart Þverfelli, þegar bréfið er undirritað, 10. sept. 1886.

Þá hafa stefndu mótmælt því, að Gullberastaðatunga liggi milli Fossár og Lambár, heldur liggi hún milli Lambár og Kaldár og því ekki að Reyðarvatni. Hins vegar hafi landið milli Kaldár og Fossár verið í umráði Reykholtskirkju, er landamerkjabréfið var gert 1886. Verði því að telja, að Reykholtskirkja hafi samþykkt landamerkjabréfið í verki, þar sem engar athugasemdir hafi komið fram af hálfu kirkjufirvalda að þessu lútandi. Land þetta á Lundarreykjadalshreppur að hafa eignast með afsali Reykholtskirkju frá um áramót 1895—1896.

2. Stefndu telja, að Þverfellsbændur hafi ávallt haldið fram eignarrétti sínum að Reyðarvatni og þar með veiði í því. Telja þeir, að enda þótt einhverjir nágrannar hafi farið í vatnið í leyfisleysi, þá skapi slíkt engan rétt hreppsfélögunum til handa, enda

sé slík háttsemi brot á landslögum. Umsagnir íbúa viðkomandi hreppsfélaga, sem fram hafa komið í málinu, telja þeir hafa sáralítið sem ekkert sönnunargildi, enda verði að telja þá hlutdræga í þessu máli.

3. Að því er varðar leigu Lundarreykjadalshrepps á veiði í Reyðarvatni, telja stefndu, að slíkt hafi verið gert í heimildarleysi. Tilfærð leiga árið 1932 í framlagðri skrá yfir tekjur Lundarreykjadalshrepps af veiðileigu í Reyðarvatni árin 1932, 1948 og öll árin 1952—1958 telja stefndu, að sé tjaldleiga í afréttarlandi, en alrangt sé að telja það greiðslu fyrir veiðileyfi. Þá benda stefndu á það, að samkvæmt fasteignamatsbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu verði ekki séð, að sóknaraðiljar hafi talið sér neinar tekjur eða hlunningi af veiði í Reyðarvatni.

4. Varðandi landamerkjabréf Gullberastaðatungu frá 17. júní og 2. júlí 1923 mótmæla stefndu því eindregið, að þau breyti nokkru hinu gamla landamerkjabréfi Þverfells að því leyti, að samkvæmt því ráði vatnið merkjum, en ekki austurströndin, sem þá hefði í för með sér, að sóknaraðiljar ættu allan venjulegan vatns- og veiðirétt fyrir sínu landi. Það sé ljóst þegar af fyrirsögn bréfanna, að tilefni hafi verið til að ákveða landamerki fyrir upprekstrarlandi Andakílshrepps gagnvart aðliggjandi jörðum. Ein þessara jarða er Þverfell. Benda stefndu á það, að fráleitt sé að ætla, að páverandi eigandi Þverfells hafi verið að afsala frá jörð sinni dýrmætri eign og hlunnindum til annars hreppsfélags endurgjaldslaust, enda kemur hvergi fram, að um endurgjald hafi verið að ræða til eiganda Þverfells í neinni mynd.

Davíð Björnsson tók Þverfell til ábúðar í fardögum 1923. Telur hann, að hefði verið um að ræða breytingu á landamerkjum hinnar leigðu jarðar á landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923, hefði þurft að koma til samþykki hans sem leiguliða.

Sóknaraðiljar, Andakílshreppur og Lundarreykjadalshreppur, hafa höfðað mál þetta sameiginlega, eins og um sameign væri að ræða. Hvor hreppanna um sig er þó algerlega sjálfstæður aðili gagnvart Þverfellseiganda, enda eru að lokum settar kröfur um, að hvor sóknaraðili fái veiðirétt og annan vatnsrétt fyrir sínu landi. Þótt þannig sé um tvo sjálfstæða málsaðilja að ræða, þá lítur rétturinn svo á, að þeim sé heimilt að sækja rétt sinn í sama máli, sbr. 8. gr. landamerkjalaganna nr. 41/1919 og þá staðreynd einnig, að báðir vilja hnekkja hinu sama ákvæði í landamerkjabréfi Þverfells, sem þeir telja ólöglegt gagnvart sér. Verður því ekki talið, að um ólöglegt málasmag sé að ræða.

Heimildir sóknaraðilja fyrir afréttarlöndunum að Reyðarvatni virðast að ýmsu leyti óljósar og afhending Þingvallaprests á landi til þeirra næsta vafasöm á sínum tíma. Hins vegar hafa varnaraðiljar ekki beinlínis vefengt rétt þeirra og hafi þeir óátalið af öllum hagnýtt sér afréttarlöndin síðan fyrir aldamót, þá ætti aðildarskortur ekki að standa því í vegi, að málið verði dæmt að efni til um veiðiréttinn.

Það er ljóst, að ákvæði í landamerkjabréfi Þverfells 1886 bindur ekki þá landeigendur eða síðari réttartaka þeirra, sem ekki samþykktu landamerkjabréfið. Hins vegar liggur það ekki fyrir, og verður ekki fjallað um það í þessu máli, hver voru merkin milli einstakra afréttareigna austan Reyðarvatns, þegar landamerkjabréf Þverfells var gert. Þó má ætla, að jafnvel verulegur hluti landsins að austurströnd Reyðarvatns hafi þá verið í eigu aðilja, sem ekki samþykktu umrætt landamerkjabréf. Gagnvart þeim aðiljum gildir hin almenna regla í 4. gr. vantalaga nr. 15/1923, sbr. og 6. og 8. gr. laga nr. 53/1957.

Að því er varðar uppáskrift Þingvallaprests á landamerkjabréf Þverfells, sem gilda ætti um þann hluta af austurströnd Reyðarvatns, sem 1886 var í eign Þingvallaprestakalls, þá er ekki séð, að sá réttur, sem Þverfell fékk þá, hafi síðar fallið niður eða af jörðinni gengið, ef séra Jens hefur haft heimild til að binda Þingvallakirkju með uppáskrift sinni. Hins vegar hefur aldrei verið litið svo á, að prestar séu umráðamenn prestssetranna í þeirri merkingu, að þeir hafi heimild til án samþykkis kirkjustjórnar að gera bindandi samninga um landamerki prestssetranna, sbr. hæstaréttardóm frá 13. marz 1933 (Hrd. 1933, bls. 102—103). Þar sem réttartakar þeirra aðilja, sem hlut áttu að máli um landamerki Þverfells árið 1886 og eigi samþykktu þau þá, hafa andmælt gildi landamerkjabréfsins að þessu leyti, og eigi er fram komið, að séra Jens hafi haft heimild kirkjustjórnarinnar til að samþykkja landamerki Þverfells með austurströnd Reyðarvatns, þá lítur rétturinn svo á, að ekki beri að meta gilda þessa ráðstöfun hans.

Því er fram haldið sem þrautavaraástæðu af hálfu stefndu, að langt hefðarhald Þverfells á Reyðarvatni og veiði í því geri það að verkum, að útilokað sé að hrófla nú við landamerkjabréfinu frá 1886, þótt dómurinn teldi, að eigi hafi upphaflega verið fyllilega frá því gengið.

Rétturinn getur eigi fallið á þessi sjónarmið stefndu, þar sem fram hefur komið í málinu samkvæmt fjölmörgum yfirlýsingum

þar að lútandi, að íbúar Lundarreykjadalshrepps hafa um áratuga skeið og allt frá því síðan fyrir aldamót hagnýtt sér veiði í Reyðarvatni, án þess að Þverfellsbóndi hafi haft uppi nokkrar almennar ráðstafanir til að hindra það. Er því ekki séð, að skilyrði hafi verið fyrir hendi, til að Þverfell hafi helgað sér rétt yfir Reyðarvatni fyrir hefð.

Samkvæmt framangreindu ber því að taka til greina kröfur sóknaraðilja að því leyti, að merki lands Lundarreykjadalshrepps að Reyðarvatni verði ákveðin frá Reyðarlæk að Fossá og að merki Andakílshrepps frá Fossá að Grímsármynni. Um veiðirétt og annan vatnsrétt í Reyðarvatni fer að landslögum, þannig að hvor stefnenda á veiði- og vatnsrétt fyrir sínu landi. Samsvarandi breytingar verða á landamerkjum Þverfells.

Eftir lyktum málsins þykir mega ákveða, að stefndi Guðmundur Agnar Ásgeirsson greiði stefnendum kr. 25.000.00 í málskostnað, en málskostnaður gagnvart stefnda Birni Davíðssyni falli niður.

Ásgeir Pétursson sýslumaður og meðlómendurnir Torfi Magnússon, hreppstjóri í Hvammi, og Sigbór Þórarinnsson, hreppstjóri í Einarsnesi, kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Merki lands stefnanda Lundarreykjadalshrepps að Reyðarvatni eru frá Reyðarlæk norður um að Fossá.

Merki lands stefnanda Andakílshrepps að Reyðarvatni eru frá Fossá norður og vestur um að Grímsármynni.

Sóknaraðiljar eiga vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni, hvor fyrir sínu landi, samkvæmt gildandi landslögum.

Stefndi Guðmundur Agnar Ásgeirsson greiði stefnendum kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
